



**Reglur Sveitarfélagsins Ölfuss um
sérstaka íþrótt- og tómstundastyrki
fyrir börn á tekjulágum heimilum skólaárið 2020-2021**

Með fjáráukalögum fyrir árið 2020 sbr. lög nr. 26/2020, nr. 36/2020 um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins var samþykkt 600 millj. kr. framlag til sveitarfélaga í því skyni að gera þeim kleift að veita styrki til tekjulágra heimila þannig að öll börn geti óháð efnahag stundað íþróttir og aðrar tómstundir.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur samþykkt reglur vegna úthlutunar styrkjanna sem eru veittir af sveitarfélögum á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

1. gr.

Fyrir lok skólaárs 2020-2021 skal greiða íþrótt- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 á tekjulágum heimilum þ.e. eru með lögheimili á heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþrótt- og tómstundastarf á skólaárinu 2020-2021, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

2. gr.

Íþrótt- og tómstundastyrk skal greiða samkvæmt umsókn. Umsóknin skal berast fyrir 1. mars 2021 og miða skal við að íþrótt- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021.

Umsækjandi sendir beiðni um rafræna gátt hjá Ísland.is. Þar fær hann sjálfvirka niðurstöðu um hvort hann uppfylli tekjuviðmið skv. 1. gr. reglnanna. Ef umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið fer sú niðurstaða sjálfvirkt til sveitarfélags. Þegar sjálfvirk niðurstaða liggur fyrir fyllir umsækjandi út umsókn á íbúagátt Ölfuss ásamt gögnum sem sýna fram á útlagðan kostnað við íþrótt- og tómstundastarf barnsins á árinu 2020. Sveitarfélag tekur í kjölfarið ákvörðun um úthlutun styrks.

3. gr.

Um málsmeðferð, þ.m.t. kærueimild fer samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Þorlákshöfn 19. nóvember 2020

Elliði Vignisson
bæjarstjóri